

NÝSKÖPUNARSJÓÐURINN KRÍA

STEFNA UM HAGSMUNAÁREKSTRA OG GAGNSÆI

1. gr. Inngangur.

- 1.1 Nýsköpunarsjóðurinn Kría („**sjóðurinn**“) starfar á grundvelli laga nr. 90/2024 um Nýsköpunarsjóðinn Kríu.
- 1.2 Hlutverk sjóðsins er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingum í sérhæfðum sjóðum og sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Þá er sjóðnum heimilt að veita sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum lán, eins og nánar greinir í lögum nr. 90/2024.
- 1.3 Sjóðurinn er í eigu ríkisins og heyrir stjórnarfarslega undir ráðherra.
- 1.4 Stjórn sjóðsins hefur sett sér þessa stefnu um hagsmunaárekstra og gagnsæi til að gera grein fyrir framkvæmd sjóðsins og meðferð fjármuna hans.
- 1.5 Stefna þessi á við um starfsmenn og stjórn sjóðsins.

2. gr. Markmið

- 2.1 Stefnan hefur það að markmiði að gera grein fyrir starfsemi sjóðsins og framkvæmd þeirra verkefna sem honum er ætlað að sinna, sem og hvaða sjónarmið eru ráðandi þegar fjármunir sjóðsins eru nýttir.
- 2.2 Stefnan á að stuðla að frekara gagnsæi, auka aðgengi að upplýsingum um starfsemi sjóðsins og stuðla að því að hagsmunir starfsmanna og stjórnar hafi ekki áhrif á ákvarðanatöku varðandi einstaka fjárfestingar eða þegar fjármunum er ráðstafað að öðru leyti.

3. gr. Hagsmunaárekstrar

- 3.1 Hagsmunaárekstrar geta komið upp milli sjóðsins, starfsfólks, stjórnarmanna, fjárfesta eða félaga sem sjóðurinn fjárfestir í.
- 3.2 Við hverja fjárfestingu, lánveitingu eða sölu á eignarhlutum sjóðsins greinir stjórn aðstæður og metur hvort fyrir hendi séu hagsmunaárekstrar sem gætu skaðað hagsmuni sjóðsins. Sé um slíkt að tefla skal stjórn gera ráðstafanir sem tryggja hagsmuni sjóðsins.
- 3.3 Stjórnarmenn og starfsmenn skulu upplýsa stjórn um hagsmunaárekstra, sé um þá að tefla.
- 3.4 Stjórnarmenn skulu ekki taka þátt í meðferð máls á stjórnarfundum þar sem þeir hafa hagsmuna að gæta, s.s. ef mál varðar málefni þeirra sjálfra, fyrirtækja sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir, eru venslaðir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í, eða varðar aðila sem þeim eru tengdir persónulega eða fjárhagslega. Stjórnarmaður skal þá víkja sæti áður en efni máls er kynnt eða gögn afhent. Bóka skal í fundargerð um það. Stjórn tekur að öðru leyti ákvörðun um hæfi einstakra stjórnarmanna.
- 3.5 Stjórnarmenn sjóðsins skulu gæta að hæfi sínu samkvæmt stjórnsýslulögum, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 90/2024.

- 3.6 Allir starfsmenn sjóðsins undirrita trúnaðaryfirlýsingu við upphaf starfs. Samkvæmt trúnaðaryfirlýsingunni mega starfsmenn ekki nýta trúnaðarupplýsingar í eigin þágu eða í önnur ótengd verkefni.
- 3.7 Starfsmenn skulu ætíð viðhafa vönduð vinnubrögð við meðhöndlun gagna og skulu þeir ekki deila upplýsingum með öðrum starfsmönnum nema slík upplýsingaskipti séu nauðsynleg í tengslum við störf þeirra fyrir sjóðinn.
- 3.8 Fjárfestingarstjóri beinna fjárfestingar skal ekki hafa aðgang að ítarlegum upplýsingum er varða fjárfestingar í sjóðum og tekur fjárfestingarstjóri beinna fjárfestinga ekki þátt í umfjöllun eða ákvörðunum fjárfestingarráðs varðandi sjóðafjárfestingar. Fjárfestingastjóri sjóðafjárfestingar hefur ekki aðgang að ítarlegum upplýsingum varðandi beinar fjárfestingar og tekur ekki þátt í umfjöllun eða ákvörðunum fjárfestingarráðs þegar fjallað er um beinar fjárfestingar. Sjóðurinn reynir eftir fremsta megni að draga úr hættu á fjármunabrotum í starfsemi sinni. Til fjármunabrota teljast peningabætti, fjármögnun hryðjuverka, markaðssvik, mútur og spillingar.
- 3.9 Stjórn skal halda skrá yfir tilvik þar sem mögulegir hagsmunarárekstrar hafa komið upp og hvernig brugðist var við þeim.

4. gr. Gagnsæi

- 4.1 Sjóðurinn miðlar upplýsingum að eigin frumkvæði um starfsemi hans, m.a. stefnur, verklag og reglur eftir því sem við á, og gerir upplýsingar aðgengilegar að því marki sem þær eru ekki bundnar trúnaði eða takmarkanir gilda um birtingu þeirra lögum samkvæmt.
- 4.2 Sjóðurinn leitast við að upplýsa um helstu ákvarðanir hans.
- 4.3 Sjóðurinn upplýsir almennt um ofangreind atriði með fréttatilkynningum, skýrslum, birtum stefnum og öðru efni.
- 4.4 Upplýsingar frá sjóðnum skulu vera áreiðanlegar og aðgengilegar.
- 4.5 Öll miðlun og meðferð upplýsinga skal vera hlutlaus og málefnaleg.
- 4.6 Uppfæra skal reglulega þær upplýsingar sem sjóðurinn gerir aðgengilegar, eftir því sem tilefni er til.
- 4.7 Upplýsingar skulu almennt vera aðgengilegar á stafrænu formi. Á vefsíðu sjóðsins skulu ársskýrslur síðustu ára vera aðgengilegar. Í ársskýrslum má finna upplýsingar um eignarhluti sjóðsins, fjárfestingar, skýrslu framkvæmdastjóra og aðrar upplýsingar.
- 4.8 Á vefsíðu sjóðsins skulu vera upplýsingar um þau félög sem sjóðurinn hefur fjárfest í, auk upplýsinga um ferlið í tengslum við fjárfestingar.
- 4.9 Eftirfarandi stefnur hafa verið settar hjá sjóðnum og eru þær aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins:
- Fjárfestingarstefna
 - Eigendastefna
 - Stefna um ábyrgar fjárfestingar
 - Stefna um samfélagslega ábyrgð
- 4.10 Meðferð upplýsinga hjá sjóðnum skal fullnægja þeim kröfum sem settar eru í upplýsingalögum nr. 140/2012 og lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og annarra laga, eftir því sem við á.

5. gr. Ábyrgð

- 5.1 Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á stefnu þessari og að henni sé framfylgt.

6. gr. Gildistaka

- 6.1 Stefna þessi skal birt á vefsvæði sjóðsins.
- 6.2 Stefna þessi öðlast gildi við samþykki stjórnar sjóðsins.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum sjóðsins þann [•]. mars 2025.